




Verulega hefur hægt á hagvexti

Hagvöxtur mældist 3,1% á þriðja ársfjórðungi borið saman við sama fjórðung árið áður skv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þessi vöxtur kemur í kjölfar 3,4% vaxtar á öðrum fjórðungi og 5,6% á fyrsta fjórðungi. Tölurnar virðast því benda til þess að verulega sé tekið að hægja á vexti hagkerfisins en hagvöxtur mældist 7,4% á síðasta ári. Hagvöxturinn á þriðja fjórðungi nú er sá minnsti í tvö ár.


Í spá Hagfræðideildar frá því í nóvember var gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 5,5% á þessu ári. Hagvöxtur á fyrstu þremur fjórðungum ársins nemur 4,3% og er hann því minni en við spáum að verði yfir árið í heild. Hér er þó rétt að benda á að þetta eru bráðabirgðatölur auk þess sem tölur fyrir fjórða ársfjórðung munu hafa sín áhrif á vöxtinn.

Vöxtur þjónustuútlutnings neikvæður í fyrsta sinn í tæp 5 ár


Vöxturinn á þriðja ársfjórðungi var borinn uppi af einkaneyslu og fjármunamyndun. Útflutningur, sem hefur haft lagt mikið framlag til hagvaxtar á síðustu árum, lagði að þessu sinni ekki neitt til vaxtarins enda dróst útflutningur örlítið saman milli ára og segja má að það hafi verið stærstu fréttirnar í þessum hagtölum. Í fyrsta sinn síðan á fjórða ársfjórðungi 2014 dróst útflutningur saman milli ára. Þó að það hafi komið á óvart að vöruútflutningur hafi dregist saman um 2,7% milli ára voru það ekki stærstu fréttirnar heldur þær að þjónustuútlutningur dróst saman um 0,1%. Það er í fyrsta skiptið síðan á fjórða ársfjórðungi 2012 eða í tæp 5 ár að samdráttur mælist í þjónustuútlutningi. Neikvæður vöxtur skýrist líkast til af verulegum samdrætti í útflutningi annarrar þjónustu en ferðaþjónustu. Vöxtur í ferðaþjónustu hefur dregist nokkuð hratt saman á síðustu fjórðungum en hins vegar má gera ráð fyrir því að jákvæður vöxtur hafi mælst á þriðja fjórðungi. Það hafi hins vegar ekki nægt til að vega nægilega mikið á móti samdrætti í útflutningsvexti annarrar þjónustu.



Vöxtur á fyrstu þremur fjórðungum og spá Hagfræðideildar



Spá Hagfræðideildar fyrir árið í heild
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagstofa Íslands




Dregur úr vexti einkaneyslu


Eftir verulega kröftugan vöxt í einkaneyslu á öðrum fjórðungi sem nam 9,3% og var sá mesti síðan á fjórða ársfjórðungi 2007, nam hann 6,7% á þriðja ársfjórðungi. Þetta er minni aukning en á fyrstu tveimur fjórðungum ársins og nemur vöxturinn á fyrstu þremur fjórðungunum 7,7%. Spá okkar frá því í nóvember gerir ráð fyrir að vöxturinn verði 7,9% yfir árið í heild.

Sögulega mikill vöxtur í íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera

Vöxtur fjármunamyndunar var nokkuð kröftugur og nam 19,4% sem er mesti vöxtur liðarins í heilt ár. Fjármunamyndun skiptist í atvinnuvegafjárfestingu, íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Fyrstnefndi liðurinn er langstærstur og áhrifamátturinn hans því mestur á heildarvöxtinn. Vöxtur atvinnuvegafjárfestingar nam 9,9%. Framlag hinna liðanna tveggja var hins vegar litlu minna en framlag atvinnuvegafjárfestingar til heildarfjármunamyndunar. Það skýrist einfaldlega af mjög hröðum vexti bæði íbúðafjárfestingar og fjárfestingar hins opinbera. Íbúðafjárfesting jókst um 48% á ársgrundvelli og tæp 40% hjá hinu opinbera. Vöxtur í opinberri fjárfestingu hefur ekki áður mælst jafn hraður en tölur Hagstofunnar ná aftur til ársins 1997. Vöxtur í íbúðafjárfestingu var einnig mjög kröftugur í sögulegu ljóst og sé litið framhjá vextinum á fjórða ársfjórðungi síðasta árs eru ekki til dæmi um meiri vöxt í tölum Hagstofunnar. Vöxtur fjármunamyndunar á fyrstu þremur fjórðungum ársins nam 11,7% en við spáum því að vöxturinn verði 11,8% fyrir árið í heild.



Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.